



Þjónustu- og atvinnusókn á Norðurlandi eystra

Vífill Karlsson

Á Norðurlandi eystra sóttu Hríseyingar mest þjónustu utan þjónustuvæðis en Akureyringar minnst. Grenivík, Mývatn og Bakkafjörður komu næst á eftir Hrísey að þessu leyti. Af þéttbýlisstöðum dróst þjónustusókn samt mest saman á Raufarhöfn, í Grenivík og Hrísey en jókst mest á Ólafsfirði, Siglufirði og Þórshöfn. Á Norðurlandi eystra er atvinnusókn utan búsetusvæðis mest á Ólafsfirði og Bakkafirði.

Inngangur

Í mörgum kenningum bæði hagfræðinnar og félagsfræðinnar er tekið sérstaklega á sambandi sterkra þjónustukjarna og nærliggjandi samfélaga og þau síðarnefndu gjarnan fámennari bæir og aðrir þéttbýlisstaðir, ásamt dreifbýli. Þar er fjallað m.a. um hvernig stærsta þéttbýlið (borgin) á stóru landsvæði þjónar þeim minni sem markaður fyrir afurðir og í að veita ýmsa þjónustu, einkum þá sérhæfðari.


Að mörgu leyti má yfirfæra þessar kenningar yfir á vinnumarkaðinn, og hefur verið gert, þar sem fólk velur sér búsetu á minni stöðum í leit að t.d. kyrrð og ró en "gjaldið" getur verið atvinnusókn um langan veg. Nú hafa bæði netverslun og aukin jákvæðni fyrir óstaðbundnum störfum liðkað enn frekar um möguleikanum fyrir vali á búsetu fjarri öflugum þjónustukjörnum og vinnumörkuðum.

Byggðastofnun hefur í tvígang framkvæmt skoðanakönnun (Þorkell Stefánsson og Hanna Dóra Björnsdóttir, 2026; Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018) um þjónustusókn landsmanna eftir búsetu og í seinni könnuninni var atvinnusókn bætt við. Í þessum Púlsi verður fjallað um hvernig niðurstöðurnar voru gagnvart Norðurlandi eystra. Niðurstöðurnar verða m.a. settar fram í bóluritm þar sem hver bóla stendur fyrir einn þéttbýlisstað og þær eru rauðar og gular á Norðurlandi eystra. Stærð bólnnar tekur mið af íbúafjölda staðanna og á lárétta ásnum er fjarlægð frá Reykjavík. Á lóðréttu ásnum er þjónustu- og atvinnusókn út fyrir "heimabyggðina". Höfuðborgarsvæðið var ekki með í þessum tölum og engin dreifbýlissamfélög.

Vöru- og þjónustumarkaður


Íbúar á Akureyri sækja sáralítið (3,2%) út fyrir sitt þjónustuvæði á meðan íbúar Hríseyjar eru þeir íbúar Norðurlands eystra sem sækja mest annað eftir þjónustu eða rúmlega 60% (Mynd 1). Næst á eftir komu Grenivík, Mývatn og Bakkafjörður (Þorkell Stefánsson og Hanna Dóra Björnsdóttir, 2026, bls. 54-56). Af greiningu Byggða-stofnunar má ráða að Akureyri veiti mjög mikið af þjónustu sem aðrir staðir (og dreifbýli) á Norðurlandi eystra sækja utan síns þjónustuvæðis en eitthvað er vissulega sótt til höfuðborgarsvæðisins (Þorkell Stefánsson og Hanna Dóra Björnsdóttir, 2026, bls. 119). Þannig má því segja að Akureyri sé mjög mikilvæg til að stuðla að verðmætasköpun innan landshlutans. Þess utan má nefna að hvergi á landinu

sækja íbúar eins lítið þjónustu út fyrir sitt þjónustuvæði eins og á Akureyri en Súðavíkingar sóttu þjónustu lang mest út fyrir (88,2%).



MYND 1. ÞJÓNUSTUSÓKN EFTIR PÓSTNÚMERUM

Þegar horft er til þéttbýlisstaða utan Norðurlands eystra (sægrænar bólar) má greina hlutfall þeirra sem sækja þjónustu utan þjónustuvæðis er víða miklu hærri en þar sem það er hæst á Norðurlandi eystra en á sex stöðum fer það yfir 80%. Þetta eru allt staðir á stór-höfuðborgarsvæðinu (Hvítá-Hvítá) og Vestfjörðum.




MYND 2. BREYTING Á ÞJÓNUSTUSÓKN

Mynd Byggðastofnunar; skjaskot

Púlsinn


— Norðurland eystra í tölum



Þegar breytingin á þjónustusókn var skoðuð á milli kannanna (Mynd 2)¹ kom í ljós (Þorkell Stefánsson og Hanna Dóra Björnsdóttir, 2026, bls. 184-186) að hlutfallslega **dró úr** sókn á þjónustu út fyrir viðkomandi þjónustusvæði (græni) á nokkrum stöðum Norðurlandi eystra: Raufarhöfn (+17,4%), Grenivík (11,2%), Akureyri (+2,2%) og næsta nágrenni (+4,2%), Hrísey (+2,7%). Hins vegar **jókst** sókn út fyrir á fleiri stöðum landshlutans: Ólafsfjörður (-9,1%), Siglufjörður (-5,4%), Þórshöfn (-2,2%), Dalvík (-0,7%), Kópasker (-0,2%).

Vinumarkaður


Af þéttbýlisstöðum á Norðurland eystra sóttu íbúar Ólafsfjarðar lang mest atvinnu út fyrir sitt búsetusvæði eða 30% en Bakkafjörður kom fast á hæla hans, 29% (Þorkell Stefánsson og Hanna Dóra Björnsdóttir, 2026, bls. 28-29). Hrísey var síðan þriðja í röðinni með 20%, þá Dalvík og Raufarhöfn með 15%. Lægst voru þessi hlutföll á Siglufirði (0%), Grenivík (0%), Þórshöfn (3%) og Húsavík og Akureyri (4%).



MYND 3. ATVINNUSÓKN EFTIR PÓSTNÚMERUM

Borið saman við marga aðra landshluta á landsbyggðunum þá eru þetta ekki há hlutföll á Norðurlandi eystra. Þrjár nálægustu sægrænu bóllurnar hærri en hæsta gildi Norðurlands eystra eru allar af Vestfjörðum og það hæsta upp undir 60% (Flateyri 56%, Súðavík 43% og Suðureyri 39%). Á stór-höfuðborgarsvæðinu (lengst til vinstri í myndinni) eru fjögur gildi á bilinu 65-80% (Eyrarbakki 80%, Vogar 74%, Garður 70% og Stokkseyri 67%). Þá eru þrjú gildi á Austurlandi hærri en hæsta gildið á Norðurlandi eystra (Stöðvarfjörður 47%, Eskifjörður 42% og Fáskrúðsfjörður 38%).

Aðra framsetningu af þessu tagi má finna í Íbúakönnun landshlutanna 2023 en þar var unnið með stærri svæði en Bygðastofnun gerði sem vann með póstnúmer (Mynd 4). Norðurland eystra skiptist þar í þrjú svæði: Akureyri, Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur og innihéldu bæði þéttbýlisstaði og dreifbýli viðkomandi svæða. Í þessari framsetningu var aðallega verið að skoða þrjú mengi landfræðilegrar atvinnusóknar: Sama sveitarfélag og fólk bjó, sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggð (önnur en viðkomandi sveitarfélag þegar við átti).



MYND 4. ATVINNUSÓKN EFTIR STÓRUM LANDSVÆÐUM

Samkvæmt þeim tölum yfir Norðurland eystra, störfuðu hlutfallslega flestir í sínu sveitarfélagi á Akureyri um 90%, síðan í Þingeyjarsýslunum 85% en síst í Eyjafirði tæplega 70% (Mynd 4). Mjög fáir störfuðu á höfuðborgarsvæðinu. Þegar horft var á meðaltal könnunarinnar ("Öll svæði") sást að Eyjafjörður var eina landsvæðið á Norðurlandi eystra með lægra hlutfall íbúa sem starfaði í sveitarfélagi sem þeir bjuggu.

Vangaveltur

Höfundur þótti áhugavert að sjá öldulaga leitnilínu (brotalínurnar) laga sig best að gögnum Bygðastofnunar. Það gefur til kynna að það séu þrjú stórsvæði á landinu og áhrifsvæði þeirra séu í 50-100 km (+/-) rásir í kring. Það er stór-höfuðborgarsvæðið með Reykjavík sem héraðskjarna suðvesturhornins, Norðurland eystra með Akureyri sem héraðskjarna og Austurland með Egilsstaði og Reyðarfjörð sem héraðskjarna. Þó er fjórða svæðið þarna undir líka en hverfur ofan í gögn Norðurlands eystra. Það eru Vestfirðir með Ísafjörð sem héraðskjarna. Athygli vekur að vinnumarkaðurinn er miklu háðari þessum héraðskjörnum en vöru- og þjónustumarkaðurinn. Það er trúlega út af ferðakostnaði þar sem atvinnusókn kallar á tíðari ferðalög en þjónustusókn. Það rennir R^2 stóðum undir en sést líka á myndrænni athugun þar sem bóllurnar eru ekki eins mikið um alla mynd (þjónustusókn) heldur nær brotalínu (atvinnusókn).

Heimildir

Sigríður Elín Þórhárdóttir. (2018). Þjónustukönnun Norðurland eystra. Sótt á: <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun2018/6-nordurland-eystra-loka.pdf>

Vífill Karlsson og Hrafnhildur Tryggvadóttir. (2024). Íbúakönnun landshlutanna 2023: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða. Deigla, 1(1), 1-159. Sótt á: <https://ssv.is/wp-content/uploads/2024/06/ibukonnun-landshlutanna-2023-nidurstodur.pdf>

Þorkell Stefánsson og Hanna Dóra Björnsdóttir. (2026). Þjónustukönnun fyrri hluti: Vinnu- og þjónustusókn. Sótt á: https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun_fyrri.pdf

¹Skýringar: Grænn litur er fyrir staði og landsvæði þar sem það dró úr þjónustusókn út fyrir þjónustusvæði á milli kannanna, gulur og rauður þar sem þjónustusókn jókst og grár þar sem ekki voru nægar upplýsingar til að meta breytinguna.